

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 9. mars 2021

Skóla- og frístundaráð skorar á mennta- og menningarmálaráðuneytið að bregðast strax við þeim vanköntum sem er á prófakerfi samræmdu prófanna til að tryggja að hægt verði að leggja prófin fyrir hnökralaust framvegis. Jafnframt er lagt til að ríkið leggi fram nægt fjármagn þannig að tryggt verði að allir vankantar séu sniðnir af samræmdum prófum Menntamálastofnunar. Ekki verður við það unað að sífellt komi upp vandamál í samræmdum prófum hjá reykvískum grunnskólabörnum. Slíkt skemmir ekki bara fyrir nemendum, heldur hefur áhrif á allt skólastarf.